

Nd.

**309. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Bústaði og Skildinganes undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Reykjavíkur.

Flutningsm. Lárus H. Bjarnason

1. gr.

Jarðirnar Bústaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1914.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuld-

um Seltjarnarneshrepps og ómagaframfærslu hreppsins, að meðtalinni hlutdeild hreppsins í skuld sýslusjóðsins, sem svarar tíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eftir meðaltali fardagaáranna 1909—1914, að rjettri tiltölu við meðaltal tíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Ef ágreiningur verður um fjárskifti þessi, sker stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.